

***Matsskýrsla um hryðjuverkavarnir***

***á Íslandi.***

***20. – 24. marz 2006***

Brussel, 11. maí 2006

## Inngangur

Dagana 20. til 24. marz 2006 heimsóttu hr. Niels Bracke<sup>1</sup> og hr. Gerd van den Borg<sup>2</sup>, sem báðir starfa á vegum ráðs Evrópusambandsins, Ísland í boði Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra, til þess að gera úttekt á skipulagi og hlutverkum stjórnvalda sem fást við baráttu gegn glæpum, einkum alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi.

---

<sup>1</sup> **Dr. Niels BRACKE** hefur starfað á aðalskrifstofu ráðherraráðs Evrópusambandsins síðan 1997. Hann hefur unnið að því að stofna Europol, Evrópulögregluna; að alþjóðasamvinnu gegn ólögætum fíkniefnum; að Schengensamstarfinu; persónuvernd og alþjóðlegum einkamálarétti auk þess að leggja mat á aðgerðir Evrópusambandsríkja gegn hryðjuverkum. Hann er doktor í lögum frá Háskólanum í Amsterdam, þar sem hann hefur kennt Evrópurétt.

niels.bracke@consilium.europa.eu

<sup>2</sup> **Gerd VAN DEN BORG** er þýskur lögregluforingi með sérþekkingu á sviði hryðjuverkavarna. Hann hefur starfað á aðalskrifstofu ráðherraráðs Evrópusambandsins síðan 2002 og unnið að mati á aðgerðum Evrópusambandsríkja gegn hryðjuverkum.

gerd.vandenborg@consilium.europa.eu

## **Dagskrá heimsóknarinnar / Stjórnvöld**

### **Mánudagur 20.03.2006**

- 10:30 – 10:50 Fundur með dóms- og kirkjumálaráðherra.
- 10:55 – 12:00 Undirbúningsfundur með fulltrúum frá dómsmálaráðuneyti og ríkislögreglustjóra um skipulag heimsóknarinnar.
- 13:00 – 14:30 Umfjöllun Niels Bracke og Gerd van den Borg um reynslu af mati á ráðstöfunum aðildarríkja Evrópusambandsins til baráttu gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, sérstaklega um tilmæli um umbætur á samstarfi og samræmingu milli ríkja og á vettvangi Evrópusambandsins.
- 14:30 – 18:00 Fundur með lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli.

### **Þriðjudagur 21.03.2006**

- 09:30 – 10:45 Fundur með ríkislögreglustjóra.
- 11:00 – 11:45 Fundur með lögreglustjóranum í Reykjavík.
- 13:00 – 15:00 Fundur með Slysavarnafélaginu Landsbjörg.  
Fundur með landhelgisgæslunni.
- 15:15 – 16:00 Fundur með ríkissaksóknara.
- 19:00 Móttaka og kvöldverður.

### **Miðvikudagur 22.03.2006**

- 10:00 - 12:00 Fundur með Lögregluskóla ríkisins.
- 12:15 – 13:45 Fundur með Evrópunefnd..
- 14:15 - 17:00 Fundur með ríkislögreglustjóra.

### **Fimmtudagur 23.03.2006**

- 09:00 - 10:00 Fundur með fulltrúum utanríkisráðuneytis.
- 10:00 – 12:00 Fundur með fulltrúum dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, ríkissaksóknara og landhelgisgæslu.  
Meginniðurstöður heimsóknarinnar.
- 12:00 - 12:30 Lokafundur með dóms-og kirkjumálaráðherra.

Skýrsla þessi er byggð á þeim skjölum<sup>3</sup> og upplýsingum sem veittar voru meðan á heimsókninni stóð. Í henni er leitast við að lýsa, að því marki sem þörf er á, skipulagi og verksviðum þeirra stofnana á vegum yfirstjórnar ríkisins og embætta þess sem fást við baráttu gegn glæpum, sérstaklega alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Einnig eru gerðar athugasemdir er varða séríslensk atriði og tilmæli í lokaskýrslu<sup>4</sup> um mat á landsbundnum ráðstöfunum gegn hryðjuverkum, og sérstaklega metið að hvaða marki þeim er fullnægt með núverandi skipan öryggismála á Íslandi.

- 
- 3 Lögregluglög nr. 90/1996 með breytingum fram til 14. apríl 2000, í opinberri þýðingu.  
Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.  
Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.  
Íslenska lögreglan. Ríkislögreglustjóri. Önnur útgáfa, 2004.  
Skrifstofa Ríkislögreglustjóra, október 2004.  
Skýrsla verkefnisstjórnar um framtíðarskipan lögreglumála, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, janúar 2005.  
Tillögur framkvæmdanefndar um framtíðarskipan lögreglumála, október 2005.  
Viðbótarskýrsla framkvæmdanefndar um framtíðarskipan lögreglumála, desember 2005.  
Íslensk lögregla og réttarkerfi: Stutt kynning, september 2005.  
Svar Íslands frá febrúar 2006 við spurningalista um jafningjagreiðingu á landsviðbúnaði gegn hryðjuverkum, skjal 11722/1/02 REV 1 ENFOPOL 113 CATS 52 COTER 44, september 2002.  
Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi.  
Tölfræðileg skrá um afbrot á Íslandi. Ríkislögreglustjóri, mars 2006.  
Skipulag reykvíska lögregluumdæmisins, mars 2006.  
Skipulag landhelgisgæslu, mars 2006.
- 4 Lokaskýrsla um mat á landsbundnum hryðjuverkavörnum: Umbætur á viðbúnaðarskipulagi og getu ríkisins til baráttu gegn hryðjuverkum, skjal 12168/3/05 REV 3 ENFOPOL 109, nóvember 2005.

## 1. Glæpa- og hryðjuverkaógn á Íslandi

Afbrotatíðni á Íslandi er fremur lág. Tölfræðileg skrá um afbrot á Íslandi 2004, sem útgefin var af ríkislögreglustjóra og fjallar um öll afbrot, stór og smá, sýnir að almennt<sup>5</sup> hefur dregið úr heildarfjölda glæpa og umferðarlagabrota á Íslandi frá 2001 til 2004.

Samkvæmt veittum upplýsingum og tölfræðilegum gögnum hafa engin hryðjuverk<sup>6</sup> átt sér stað, og því hafa engir grunaðir hryðjuverkamenn verið saksóttir til þessa.

Viðeigandi stjórnvöld telja Ísland ekki meðal aðalskotmarka alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi.

Engu að síður er ekki unnt að líta framhjá því að trúarlegar og lýðræðislegar hefðir Íslendinga og frjálslegir lífshættir, og náin tengsl Íslands við stjórn mála- og varnarkerfi vesturlanda (Schengen og Nató), valda því að nokkur ógn er fyrir hendi, sem meta má svipaða og flest aðildarríki Evrópusambandsins búa við.

Á sviði allsherjarreglu og öryggis hefur hin íslenska skipan reynst fullnægjandi gegn venjulegri ógn af glæpum eða árásum sem eiga rætur sínar innan lands.

Engu að síður ber að gæta þess, að

- þar sem Íslendingar hafa enga reynslu af hvorki alþjóðlegum hryðjuverkum, ógnunum eða árásum, né af ofbeldisverkum, mógæsingum eða fjöldaupphotum á eigin grundu,
- hafa þeir ekki gert eins miklar ráðstafanir og flest aðildarríki Evrópusambandsins til verndar stjórn málamönnum og stjórnstöðvum, eða sendiráðum og fyrirtækjum erlendra aðila, og
- ekki er fyrir að fara neinu miðstjórnvaldi eða embætti, sem samræmir öryggismál og upplýsingaöflun frá öllum hliðum,

virðist tiltölulega auðvelt, miðað við hversu landið er viðkvæmt fyrir árás, að framkvæma hana.

## 2. Stjórnvaldaskipan

### 2.1. Undirstöðuatriði

Ísland er jarðeldaeyja í Atlantshafi, í Evrópu norðvestanverðri. Strandlengja þess, tæplega 5000 km, er í meginatriðum óaðgengileg nema á fáeinum höfnum og lendingarstöðum sem staðbundin yfirvöld hafa eftirlit með.

Íslendingar eru upprunnir frá Norðurlöndum, Írlandi og Skotlandi. Tungumál þeirra er síðan heiðnir norrænir menn námu Ísland á tímabilinu frá 870 til 930 e. Kr.

Heildaríbúafjöldi er um 300.000, og búa um 180.000 í höfuðborginni Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum.

---

5 Að undantekinni aukningu á árinu 2002.

6 Sjá sérstök ákvæði í 100. gr. a-c í hinum almennu íslensku hegningarlögum, sbr. breytingarlög nr. 99/2002.

## 2.2. Skipulag stjórn mála og öryggismála

Í lýðveldinu Íslandi<sup>7</sup> ríkir þingbundið lýðræði. Löggjafarvald er í höndum forseta og þings<sup>8</sup>. Framkvæmda- og stjórnsýsluvald er í höndum yfirstjórnar ríkisins, og ríkisstjórnin með forsætisráðherra í forsæti styðst við meirihluta á þingi. Íslendingar búa við sett lög og löggjafarrétt.

### 2.2.1 Forsætisráðherra

Forsætisráðherra er hin æðsti pólitíski valdhafi og tekur starfssvið hans til allra pólitískra álitaefna, þar á meðal þeirra sem varða öryggi almennings.

### 2.2.2 Samræming á vettvangi yfirstjórnar ríkisins

Sérstök samræmingarnefnd ráðuneyta skipuð forsætisráðherra, dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra hefur það verkefni að taka mikilvægustu ákvarðanir og stýra meðferð mála sem upp kunna að koma í tengslum við sérstaka atburði eða vá.

#### Athugasemd

*(Tilmæli nr. 1 í lokaskýrslu)*

#### **Pólitísk samræming ráðstafana gegn hryðjuverkum**

Mælt er til þess að komið sé á samræmingu á háu stjórnsýslustigi til að móta heildarstefnu landsins gegn hryðjuverkum um

- að fyrirbyggja hryðjuverk,
- að öryggis- og löggæslustofnanir leiti uppi hryðjuverkamenn og rannsaki mál þeirra,
- að vernda mannvirki sem samfélagið er háð, og
- að koma á skipulagi innanlands um viðbrögð við hættum og afleiðingum þeirra.

Framkvæmd þessara tilmæla er í höndum ráðherra í hinni íslensku samræmingarnefnd með þátttöku viðkomandi ríkisstofnana, og kemur hún saman þegar þörf krefur til að fjalla um viðkomandi mál.

### 2.2.3 Dóms- og kirkjumálaráðherra

Dómsmálaráðherra fer með miðlægt vald í öllum málum sem varða öryggi almennings, og er yfirstjórnandi lögreglu. Ráðuneytið gegnir hlutverki miðstjórnvalds hvað snertir gagnkvæma aðstoð milli ríkja í sakamálum. Störf ráðuneytisins fara fram í fimm deildum (lagaskrifstofu, dómsmála- og löggæsluskrifstofu, kirkjumála- og leyfaskrifstofu, rekstrar- og fjármálaskrifstofu, einkamála- og borgaraskrifstofu).

---

7 Stofnað 17. júní 1944.

8 Alþingi, sem er elsta starfandi þjóðþing í heimi, var stofnað 930 og endurstofnsett í kjölfar nokkurra tímabundinna breytinga á íslenskum lögum árið 1845.

Dómsmála- og löggæsluskrifstofa fer með dómsmál, lögreglumál og saksókn, fangelsismál, málefni sýslumannsembætta, almannavarnir, landhelgisgæslu, skotvopn, áfengis- og vímuefnamál, og málefni Schengen.

#### **Athugasemd (Tilmæli nr. 2 í lokaskýrslu)**

##### **Stofnun sérstaks embættis til að samræma ráðstafanir gegn hryðjuverkum eða jafngild samræmingartilhögun.**

Mælst er til þess að skipaður verði hátt settur embættismaður sem sjái um að samræma aðgerðir yfirstjórnar ríkisins, lögreglu og öryggis- og upplýsingastofnana gegn hryðjuverkastarfsemi.

Dómsmálaráðherra gegnir miðlægu hlutverki í öllum málum sem varða öryggi almennings, þar á meðal hryðjuverkastarfsemi, og er æðsti stjórnandi lögreglu. Hann situr einnig í ráðherranefnd um samræmdar aðgerðir gegn hryðjuverkum. Þannig gegnir hann hlutverki tengiliðs milli ríkisstjórnar og ríkisstofnana, og sér um að koma tilmælum í framkvæmd.

## **2.2.4 Utanríkisráðherra**

Utanríkisráðherra fer með öll samskipti við útlönd á ráðuneytastigi, þar á meðal mál sem varða samskipti innan Nató og SP. Ráðuneytið fer með yfirstjórn Keflavíkurflugvallar, sem er alþjóðaflugvöllur, og byggist sú tilhögun á sérstöðu hans sem herstöðvar. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og hinir 47 lögreglumenn hans sem sjá um landamæraeftirlit og öryggisvörslu í flugstöð vallarins eru sem undirmenn ríkislögreglustjóra settir undir bæði utanríkisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti.

Enn fremur er á flugvallarsvæðinu bandarísk herstöð þar sem starfa um 5000 manns, er sinna öllum hliðstæðum störfum, þar á meðal öryggisþjónustu, sem á stigi yfirstjórnar ríkisins eru tengdir utanríkisráðuneyti, og eiga á rekstrarstigi, einkum hvað varðar öryggismál, beina samvinnu við lögreglustjóran. Bandarísk stjórnvöld hafa hins vegar þegar tilkynnt ríkisstjórn Íslands að herstöðin verði lögð niður í náninni framtíð. Þannig verður dregið úr mikilvægum þætti þeirra alþjóðlegu öryggistengsla og þess starfssviðs sem undir utanríkisráðuneytið heyrir.

#### **Athugasemd**

Mælst er til þess að íslensk stjórnvöld íhugi framtíðartilhögun og þátttöku utanríkisráðuneytis í samvinnu á sviði öryggismála, einkum með hliðsjón af þeirri ákvörðun sem bandarísk stjórnvöld hafa þegar tilkynnt, að herstöð þeirra verði lögð niður.

Þar sem ávallt er erfitt að þjóna tveimur herrum ber þar á meðal að íhuga hvort rétt sé að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli starfi að fullu og eingöngu innan þess öryggiskerfis sem heyrir undir dómsmálaráðherra.

Hvað snertir samvinnu á vettvangi Nató og SP og upplýsingar þaðan gæti tenglaskrifstofa haldið uppi sambandi utanríkisráðuneytis við það öryggiskerfi sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið.

### 2.2.5 Fjármálaráðherra

Fjármálaráðuneyti stjórnar tollgæslu og málefnum hennar.

### 2.2.6 Iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sér um banka og fjármálastofnanir. Þar sem fjármálaeftirlitið, sem starfar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastofnunum<sup>9</sup>, heyrir undir það ráðuneyti, hefur ráðuneytið hlutverki að gegna varðandi peningaþvætti og fyrirbyggingu slíkra brota.

Nýtt frumvarp frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti um peningaþvætti og fjármögnun til hryðjuverka mun verða lagt fyrir Alþingi og leysa af hólmi núverandi lög um aðgerðir gegn peningaþvætti<sup>10</sup>. Nýju lögin<sup>11</sup> munu mæla fyrir um styrkari málsmeðferðarreglur og ríkari skyldur til að tilkynna grun um peningaþvætti og fjárútvegum til hryðjuverka.

### 2.2.7 Varnarmálaráðuneyti

Á Íslandi er ekkert varnarmálaráðuneyti og enginn innlendur her, og því er þar ekki heldur nein upplýsingaþjónusta um hernaðarleg málefni.

### 2.2.8 Stjórnsýsluumdæmi

Ísland skiptist í 26 stjórnsýsluumdæmi, og löggæsluumdæmi eru samsvarandi. Lögreglustjórar eru á hverjum stað fulltrúar alls framkvæmdavalds ríkisins. Þeir sameina því starfssvið lögreglustjóra í héraði og aðra lagaframkvæmd, svo sem tollstjórn, innheimtu ýmissa gjalda til ríkisins, fullnustu dóma og ýmis störf á sviði sífjaréttar og lögræðislaga. Í Reykjavík, sem er langstærsta umdæmið, er þessum störfum þó skipt milli þriggja embætta, þ.e. lögreglustjóra, tollstjóra og sýslumanns.

## 3. Skipulag lögreglu

Lögreglan, sem í eru 671<sup>12</sup> lögreglumaður, sér um að halda uppi almannafriði, lögum og allsherjarreglu. Hlutverk hennar er að gæta öryggis almennings og réttaröryggis borgaranna, koma í veg fyrir afbrot, rannsaka afbrot sem framin eru, og veita almenningi og yfirvöldum aðstoð og þjónustu.

Ísland hefur engan her, og lögreglan er ekki hernaðarlega skipulögð. Lögreglumenn eru því almennir borgarar. Þótt íslenskir lögreglumenn hafi hlotið þjálfun í notkun skotvopna eru þeir óvopnaðir við störf, ef frá er talin stutt kylfa og brúsi með varnarúða, enda er heimild þeirra til valdbeitingar þröngur stakkur skorinn.

---

9 Lög nr. 87/1998.

10 Lög nr. 80/1993.

11 Sem hafa hliðsjón af ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 2005/60/EC.

12 Sjá skýrslu verkefnisstjórnar um framtíðarskipan lögreglumála, janúar 2005.



### 3.1 Ríkislögreglustjóri

Endurskoðun laga um meðferð opinberra mála og stjórnkerfis lögreglunnar, sem hófst með aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds í héraði frá 1. júlí 1992 að telja, lauk með gildistöku nýrra lögreglulaga 1. júlí 1997, þegar embætti ríkislögreglustjóra hóf störf.

Samkvæmt nýju lögreglulögunum fer embætti ríkislögreglustjóra nú með stjórn lögreglumála alls staðar á Íslandi í umboði dómsmálaráðherra, nema á Keflavíkurflugvelli. Þar sem embættið fer með yfirstjórn á sama hátt í umboði utanríkisráðherra.

Hlutverk ríkislögreglustjóra er að mestu leyti stjórnsýslueðlis, og felst nú einkum í að sjá til þess, með því að vera tengiliður við staðbundin lögreglustjóraembætti, að dómsmálaráðherra hafi að því marki sem þörf er á afskipti af öllum málum er varða allsherjarreglu og almannaöryggi, með því að

- veita allar viðeigandi upplýsingar,
- gera tillögur um almenn fyrirmæli til staðbundinna lögreglustjóraembætta og undirbúa ákvarðanir er miða að því að gera störf lögreglu skilvirkari, samræma þau og þroska, og svo litið sé í hina áttina,
- að vísa fyrirmælum og ákvörðunum ráðherra áfram til lögreglustjóra, og fylgjast með og stuðla að því að þeim sé fylgt,

að sjá til þess að með málefni er varða almannahag sé farið á sama hátt alls staðar á landinu, svo sem með því að

- styðja staðbundin lögreglustjóraembætti með miðstýrðri stjórn og samræmingu,
- veita fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluáðgerða sem mikið lið þarf til eða heimita þátttöku lögreglumanna frá fleiri en einu stjórnsýsluumdæmi, og
- reka deild (svið 5) til að rannsaka sérstök afbrot og veita lögreglustjórum aðstoð við rannsókn á alvarlegum afbrotum,
- reka deild til að safna og vinna úr upplýsingum um fíkniefnamál<sup>13</sup>;
- sjá um alþjóðatengsl á sviði löggæslu<sup>14</sup>, og
- sjá um áfengis- og skotvopnaleyfi<sup>15</sup>.

Í þessu skyni hefur ríkislögreglustjóri með höndum

- færslu á löggæsludagbók og afbrotaskrár, skrár um handtekið fólk og týnt fólk, og öðrum skrár sem löggæsla krefst (dómsmálaráðherra setur frekari reglur um þær),
- stjórnsýslu á sviði löggæslu með yfirumsjón með kaupum á bifreiðum, tækjabúnaði og fatnaði, og reglulegri skoðun á lögreglustöðvum og búnaði þeirra,
- rekstur á réttartæknilegri rannsóknarstofu til að hafa umsjón með tæknilegum lögreglurannsóknum, þar með talið rekstur á miðlægum gagnagrunnum til slíkra nota, sjá um alþjóðleg tengsl varðandi réttartæknileg málefni, hafa yfirumsjón með störfum

---

13 Fæst við kerfisbundna söfnun, skráningu og greiningu á upplýsingum og samræmingu á búnaði og starfi staðbundinna lögregluembætta og tollyfirvalda gegn fíkniefnum.

14 Við Interpol, Europol, Schengen (Sirene), PTN (norræna samvinnu lögreglu- og tollyfirvalda), og Baltcom (samvinnu Eystrasaltsríkja).

15 Og í því skyni móta stefnu um að fylgjast með því að löggjöf um áfengi og skotvopn sér virt, gefa út viðeigandi leyfi, og hafa eftirlit með tengdri starfsemi.

nefndar um greiningu á fólki sem farist hefur í hópslysum<sup>16</sup>, og gefa út og veita leiðbeiningar um útgáfu á reglum um réttartæknilegar athuganir.

## Svið 5

Á Íslandi er engin saksóknardeild með sérstakar heimildir varðandi hryðjuverkaafbrot, og venjulega sér umdæmislögregla um afbrotarannsóknir. Innan embættis ríkislögreglustjóra er það þó svið 5 sem sér um rannsókn og saksókn í landráðamálum og málum um brot gegn ríkinu og æðstu stjórnvöldum þess, þar á meðal í hryðjuverkamálum<sup>17</sup>, skattsvikamálum, málum um efnahagsafbrot, og í þvættismálum. Í þessu skyni safnar hún, greinir og metur vitneskju og upplýsingar, og veitir viðeigandi yfirvöldum á sviði löggæslu, öryggismála og dómsmála aðgang að þeim. Skrifstofa FIU (*Financial Intelligence Unit*) á Íslandi er innan sviðs 5.

Svið 5 gegnir fyrir hönd ríkislögreglustjóra hlutverki öryggisþjónustu landsins, er í beinu tölvusambandi við erlendar öryggisþjónustur, og starfar því að hluta til sem innlend öryggisþjónusta.

Flutt hefur verið frumvarp frá dómismálaráðuneyti sem ætlað er að styrkja uppbyggingu og skipulag íslensku lögreglunnar. Meðal grundvallarbreytinga verður ný deild sem fæst við skipulagða glæpi og hryðjuverkastarfsemi, og sem mun marka heildarstefnu í þeirri baráttu og sjá um greiningu og mat á áhættu.

### Athugasemd

*(Tilmæli nr. 4 í lokaskýrslu)*

#### **Samvinna milli stofnana**

Til að tryggja ríka samvinnu milli stofnana og til að öll viðeigandi yfirvöld í landinu hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og vitneskju er mælt til þess að komið verði á kerfi innanlands til daglegra skipta á upplýsingum á sviði fyrirbyggjandi aðgerða, íhlutunar og rannsókna með þátttöku allra öryggis/upplýsingastofnana og löggæslustofnana sem fást við baráttu gegn hryðjuverkum.

Þessu til viðbótar er til þess mælt að skipti á starfsfólki verði auðvelduð með það í huga að bæta samræmingu og samvinnu, sérstaklega þar sem formleg skipulagstillöggun er ekki fyrir hendi.

*(Tilmæli nr. 5 í lokaskýrslu)*

#### **Hættumat byggt á öllum fáanlegum upplýsingum**

Fyrir hendi þarf að vera landskerfi fyrir samræmt mat á hættu á hryðjuverkum, er nýtir öll úrræði, sem fyrir hendi eru, svarar þörfum þeirra sem kerfið þurfa að nota, og dreifir niðurstöðum sínum tímanlega.

*(Tilmæli nr. 6 í lokaskýrslu)*

#### **Söfnun og skipti á upplýsingum**

Viðeigandi yfirvöldum ber að bæta eins og kostur er söfnun og skipti á upplýsingum um alla þætti hryðjuverkahættu, bæði innanlands og á

---

16 Hópur til að persónugreina fólk sem farist hefur í stórslysum, líkamsleifar í kjölfar stórslysa, eða fundnar, óþekktar líkamsleifar.

17 Í grundvallaratriðum er enginn greinarmunur gerður á hryðjuverkarannsókn og annarri rannsókn. Rannsókn mundi í fyrstu fara fram á vegum ríkislögreglustjóra með viðeigandi aðferðum.

alþjóðavettvangi (þar með talið um grunaða menn og hugsanlega hryðjuverkamenn), þar sem forgangur við söfnun er ákvarðaður með hliðsjón af hinum landsbundnu þörfum.

*(Tilmæli nr. 7 í lokaskýrslu)*

#### **Aðgangur að gagnagrunnum**

Til að finna og greina hryðjuverkamenn, skipulag þeirra og stuðningsaðila, og afla þekkingar á þeim sem fyrst, þarf löggjöf að heimila öryggisstofnunum aðgang að löggæslugagnagrunnum og gagnagrunnum annarra viðeigandi stjórnarstofnana, þó þannig að virt sé sú regla að ekki viti fleiri en þurfa, og að gagnavernd sé virt til fulls.

Þá ber öryggisstofnunum að eigin frumkvæði að sjá löggæslustofnunum fyrir öllum viðeigandi upplýsingum.

*(Tilmæli nr. 11 í lokaskýrslu)*

#### **Lagagrunnur fyrir rannsóknaraðferðir**

Sjá ber viðeigandi stjórnvöldum fyrir þeim lagaheimildum sem þörf er á til að þau geti nýtt sér til fulls allar aðferðir við opinberar og leynilegar rannsóknir, bæði tæknilegar og aðrar.

*(Tilmæli nr. 15 í lokaskýrslu)*

#### **Samstarf við miðstöðina Situation Centre**

[í höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel.]

SitCen-mat verði fastur liður í stefnumörkun í baráttu gegn hryðjuverkum samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Mælst er til þess að aðildarríki miðli sem mestu til SitCen til að bæta þar strategíska greiningu.

Ofangreind lokaskýrslutilmæli lúta að hlutverki, verkefnum, störfum heimildum og vinnuaðferðum miðlægrar, innlendarar öryggisþjónustu. Slík miðlæg stofnun er fyrir hendi í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins, annað hvort sem deild undir yfirstjórn og innan stofnunar áþekkrar og embætti ríkislögreglustjóra,<sup>18</sup> eða sem sérstök og sjálfstæð stofnun,<sup>19</sup> sem þá er oftast undir beinni stjórn viðeigandi ráðuneytis.

Á Íslandi er störfum þessum sinnt af mismunandi stofnunum:

- sviði 5 hjá ríkislögreglustjóra,
- skrifstofu lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, og
- landhelgisgæslu,

og þar að auki er yfirumsjón í höndum bæði dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis.

Enn fremur eru engar reglur nú til um beitingu sérstakra rannsóknarræða, einkum forvirkra, sem öryggisþjónustur beita venjulega áður en til opinberrar rannsóknar lögreglu eða réttar kemur, og eru því forvirkar aðgerðir óheimilar að lögum.

---

18 Í Austurríki, Írlandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Kýpur og Möltu.  
19 Í hinum ríkjunum.

Á alþjóðavettvangi er einnig samstarf milli mismunandi stofnana. Ekki er fyrir hendi í landinu öryggisstofnun sem er tengiliður við Bernarklúbbinn,<sup>20</sup> Hóp gegn hryðjuverkum<sup>21</sup> og SitCen.

Mælst er til þess við íslensk yfirvöld að þau íhugi að koma öllum þessum störfum saman hjá einni stofnun, helst með nýrri þjóðaröryggisdeild innan embættis ríkislögreglustjóra, undir yfirumsjón dómsmálaráðuneytisins eins.

Í því skyni er mælst til þess að sameiginlega (á vegum bæði dómsmála- og utanríkisráðuneyta, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli og ríkissaksóknara) verði samin drög að löggjöf er skilgreini forvirk verkefni og störf slíkrar miðlægrar deildar, heimildir hennar og takmörk, og hvernig eftirliti verði háttáð með henni, bæði í daglegum störfum hennar<sup>22</sup> og af hálfu alþingis<sup>23</sup>.

Tekið er undir tillögur Framkvæmdanefndar um framtíðarskipan löggæslu<sup>24</sup> hvað varðar hina nýju skipan og sameiginlega rannsóknarábyrgð ríkislögreglustjóra og hinna nýju umdæmislögreglustjóra í sérstökum afbrotatilvikum. Leggja verður þó áherslu á að valdheimildir til baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi af innlendum eða erlendum toga ber að fela hinni nýju þjóðaröryggisdeild ríkislögreglustjóraembættisins einni. Þetta ætti að stuðla að því að reynsla sem aflað er á forvirku stigi við upplýsingasöfnun og samsvarandi rannsóknir á þessu sérstaka sviði safnist á eina hendi.

Til að koma í veg fyrir rígg og samkeppni milli hinna ýmsu stofnana, til að auðvelda samvinnu og upplýsingaskipti og til að glæða skilning starfsfólks á verkefnum og þörfum annarra, er mælst til þess að settar verði reglur um starfsmannaskipti<sup>25</sup> á öllum þeim starfssviðum sem falla undir stjórn ríkislögreglustjóra, þar sem starfsfólk fær tækifæri til að starfa og afla reynslu um takmarkaðan tíma á ólíkum starfssviðum.

---

20 CoB, sem er samfélag landsbundinna öryggisstofnana aðildarríkja Evrópusambandsins, Noregs og Sviss.

21 CTG, sem er sérstakur starfshópur CoB um hryðjuverkastarfsemi.

22 Sjá t.d. þýsk lög um samvinnu sambandríkisins og *die Länder* um málefni er varða vernd stjórnskipunarinnar og um Stjórnskipunarverndarskrifstofu sambandsríkisins (BfV – stofnunar landsins um innanlandsöryggi), BVerfSchG BGBI I 1990, 2954, 2970, frá 20. desember 1990, gerð frá 16. ágúst 2002: Grein 8(1) felur BfV að safna persónuupplýsingum og nota þær að því marki sem nauðsyn krefur til að stofnunin geti sinnt störfum sínum; grein 8(2) felur BfV að nota aðferðir, hluti og tæki til að afla upplýsinga leynilega, svo sem með því að nota leynierindreka, að fylgjast með fólki, og nota skjöl og númeraplötur sem eru faldar. Skál kveða á um nánari atriði í reglugerð samþykktari af innanríkisráðherra, og einnig um vald til að fyrirskipa slíkar aðferðir. Grein 8(9) felur viðkomandi ráðherra (innanríkisráðherra) að ákveða að slíkum aðferðum sé beitt, og að skýra sérstakri nefnd, mánaðarlega frá notkun þeirra.

Í nokkrum aðildarríkjum Evrópusambandsins (svo sem Írlandi, Danmörku og Svíþjóð) ákveður nefnd hátt settra dómara beitingu slíkra aðferða á lokuðum fundi með lögmanni er ver stöðu hins grunaða eða þess sem aðgerð beinist að, og eru þeir allir þagnarskyldir

23 Í flestum aðildarríkjum Evrópusambandsins er sérstakri þingnefnd, skipuð fulltrúum stjórnmalaflokkanna, þagnarskyldra, falið að hafa eftirlit með öryggisþjónustunni og starfsaðferðum hennar reglulega eða að eigin frumkvæði.

24 Sbr. skýrslu frá október 2005, 9. lið. Breytingar á starfssviði ríkislögreglustjóra og tilfærsla á verkefnum.

25 Sjá t.d. Danmörku, þar sem allar greinar öryggisþjónustu eru í grundvallaratriðum opnar öllu strafsólki, og opinberir starfsmenn verða að ljúka átta ára áætlun þar sem unnið er tvö ár í dómsmálaráðuneyti, á skrifstofum öryggisþjónustunnar, hjá ríkislögreglustjóranum og ríkissaksóknaranum áður en staða er veitt til langs tíma.

Íslensk yfirvöld eru hvött til að íhuga hvort rétt sé að leysa dómsmálaráðherra undan ákvörðunum um dagleg lögreglumálefni, svo að athygli hans beinist að pólitískum og stjórnsýslulegum ákvörðunum á efri stigum, og ríkislögreglustjóri verði raunverulegur yfirmaður allrar íslenskrar lögreglu með sjálfstæðari heimildir<sup>26</sup> og skyldu til að gera ráðherranum reglulega og þegar þess er krafist grein fyrir störfum sínum.

### **Hin vopnaða sérsveit**

Á árinu 2004 einfaldaði dómsmálaráðherra hlutverk og skipulag hinnar vopnuðu sérsveitar<sup>27</sup> (sem sinnir öllum öryggismálum þar sem valdbeitingar kann að vera þörf og öryggisatvikum og löggæslu sem krefjast vopnaburðar hvar sem er á Íslandi og á efnahagssvæði þess), er lýtur stjórn ríkislögreglustjóra, og var fjöldi manna í sveitinni talsvert aukinn.

### **Almannavarnadeild**

Þar sem lögreglustjórar og sýslumenn í hverju umdæmi stýra almannavörnum í héraði rekur ríkislögreglustjóri, í samráði við almannavarnaráð, almannavarnadeild, sem sér um allsherjarsamræmingu almannavarna og framkvæmd þeirra starfa sem ríkisvaldinu eru falin, sem einkum eru fyrirbyggjandi ráðstafanir og viðbrögð við stórvá og neyðaraðstæðum og að samræma og fylgjast með endurskoðun og viðhaldi á almannavarnaáætlunum sveitastjórna og staðbundinna stofnana.

### **Athugasemd**

*(Tilmæli nr. 13 í lokaskýrslu)*

#### **Stjórn á hættutímum**

Í heildarkerfi um stjórn á hættutímum í landinu ber að færa saman öll viðkomandi ráðuneyti og stofnanir, þannig að stuðlað sé að skjótum og samræmdum viðbrögðum við árás hryðjuverkamanna og annarri vá. Ávallt og allan sólarhringinn skal sjá til þess að um sé að ræða nána samvinnu við allar sambærilegar innlendar og alþjóðlegar stofnanir til að undirbúa og framkvæma viðbrögð við vá sem upp kann aðkoma innanlands eða erlendis. Hafa ber viðlagaáætlanir til reiðu.

Æfa þarf bæði skipulag um stjórn á hættutímum og viðlagaáætlanir reglulega í innlendum og alþjóðlegum æfingum.

Tilmæli þessi eru þegar komin til framkvæmda með núverandi skipulagi á Íslandi. Þá sýnir starf fjarskiptamiðstöðvar lögreglu vel hvernig bregðast má við atburðarás við neyðaraðstæður, sjá til þess að nægur mannaflí sé á vakt, og undirbúa og taka ákvarðanir eftir stöðu þeirra sem það þurfa að gera.

---

26 Sjá t.d. Írland, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, þar sem ríkislögreglustjóri er sjálfstæður í embætti og sér um öll öryggis- og löggæslumál, og er skylt að gera ráðherra þeim sem yfir hann er settur grein fyrir störfum sínum.

27 „Víkingsveitin“, sem er sérstök vopnuð, taktísk aðgerðasveit, og er ætlað að grípa inn í öllum tilvikum þegar andstæðingar beita skotvopnum og hinni almennu lögreglu er ekki unnt að ráða fram úr aðstæðum. Sveitin getur starfað hvarvetna á Íslandi og í landhelgi þess, og sinnir einnig öðrum sérverkefnum, svo sem vernd tignarfólks.

## **Fjarskiptamiðstöð lögreglu**

Hún hefur verið til síðan á árinu 2000 og tekur nú til suðvesturhluta Íslands, og er gert ráð fyrir að hún þjóni í framtíðinni lögreglu hvarvetna á landinu. Nýtir miðstöðin TETRA, sem er fullkomið starfrænt fjarskiptakerfi, og starfrækir hún svarþjónustu á einu númeri er tekur til allra neyðarsímtala, sér um að þau séu tekin upp, raðar þeim í forgangsröð, og vísar þeim til viðeigandi lögregluliðs eða embættis.

Þessi tilhögun bætti talsvert almannaoðryggi, stytta útkallstíma og jók skilvirkni og samræmi í viðbrögðum lögreglu, sérstaklega með því að koma á beinu sambandi við lögreglumenn í mismunandi lögregluliðum. Þar sem nánast öll ökutæki lögreglu eru búin sendistöðvum er þar að auki unnt að sjá staðsetningu þeirra og aðrar upplýsingar á tölvuskjá í miðstöðinni.

### **Athugasemd**

*(Tilmæli nr. 12 í lokaskýrslu)*

#### **Lokuð fjarskiptakerfi og öryggisvottun**

Þeim yfirvöldum sem þess þurfa ber að sjá fyrir lokuðum fjarskiptakerfum, til fjarskipta bæði innanlands og við útlönd.

Þeim sem þurfa að lesa og meðhöndla leynilegar upplýsingar ber að veita viðeigandi landsbundna öryggisvottun.

Kerfið samræmist þessum tilmælum.

## **Tölvudeild**

Tölvudeild við embætti ríkislögreglustjóra annast tölvukerfi sem nær yfir öll staðbundin lögregluembætti, sér um stefnumörkun, aðgangstakmarkanir, daglegan rekstur og notendabjónustu. Kerfið veitir lögreglu aðgang að gagnagrunnum, veitir upplýsingar um t.d. einstök svæði og í nánari atriðum um götur og einstakar byggingar, upplýsingar um fólk sem þar er búsett, hvort það hefur skotvopnaleyfi, og upplýsingar um símanúmer þess og bifreiðar.

## **3.2 Lögreglustjórar í einstökum umdæmum og í Reykjavík.**

Eins og kveðið er á um í lögreglulögum er Íslandi skipt í löggæsluumdæmi, sem eru hin sömu og hin 26 stjórnarsýsluumdæmi ríkisins. Fjöldi lögreglumanna í hverju þeirra er frá einum (í Búðardal) og upp í 271 (í Reykjavík). Ef skrifstofa ríkislögreglustjóra,<sup>28</sup> lögregluskóli ríkisins (8) og Keflavíkurflugvöllur (47) eru talin með, er heildarfjöldi lögreglumanna 671<sup>29</sup> án þess að nemendur og varaliðar séu meðtaldir.

Lögreglustjórar í héraði sjá um daglega lögreglustjórn og störf lögreglu hver í sínu umdæmi. Þeir stjórna einnig leit að týndu fólk og störfum við björgun fólks og verðmæta á landi uppi.

---

28 59 lögreglumenn miðað við 1. febrúar 2004, en starfsmönnum hefur verið fjölgað í 97 stöður, þar af 76 lögreglumenn, einkum vegna tilfærslu á störfum sem Alþingi telur best komið fyrir hjá skrifstofu ríkislögreglustjóra með tilliti til þess hlutverks hennar að samræma starfsemi hinna einstöku lögregluembætta um allt landið og veita þeim þjónustu frá einni miðstöð.

29 Miðast við 1. febrúar 2004.

Löggæsluembætti sjá bæði um forvarnir og löggæslu. Lögreglumenn fara með lögregluvald alls staðar á landinu án tillits til umdæmamarka. Starfsumdæmi þeirra eru þau sem þeir hafa verið ráðnir til að starfa í, en undantekningar eru gerðar til dæmis þegar nauðsynlegt er að ljúka fyrirætlun eða rannsókn sem nær yfir í annað umdæmi eða krefst ferðar um annað umdæmi.

Í lok ársins 2005 var, að fenginni skýrslu verkefnisstjórnar og á grundvelli tillagna og viðbótarskýrslu framkvæmdanefndar um framtíðarskipan löggæslumála, lagt til að Íslandi yrði skipt niður í 15 löggæsluumdæmi, sem yrðu undir yfirstjórn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjóra í hinum einstöku umdæmum. Rannsókn afbrotamála í samráði við ákærvaldshafa skal fara fram í sérstökum rannsóknardeildum, sem starfi í 7 umdæmanna. Dómsmálaráðherra skal í samráði við ríkissaksóknara gefa út reglugerð um hvers konar rannsóknir skuli fara fram í sérdeildum þessum, en önnur brot skulu rannsökuð í þeim umdæmum þar sem þau eru framin. Að auki skal dómsmálaráðherra setja reglur um hvaða brot skuli sæta rannsókn undir stjórn eða að fyrirmælum ríkislögreglustjóra, eða þegar lögreglustjórar í einstökum umdæmum skulu leita aðstoðar hans. Tæknirannsóknadeild skal starfa við embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

#### **Athugasemd**

Það er vel, að Alþingi samþykkti nýlega þær tillögur sem fram koma í skýrslunum um að einfalda uppbyggingu og stjórnsýslu að því er snertir löggæsluumdæmi, og um að aðstoðu til sérstakra rannsókna verði þjappað saman í fáum þeirra.

### **3.3 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli**

Um 95 % allrar umferðar til Íslands erlendis frá kemur um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík<sup>30</sup>. Lögreglustjórinn sér um áhættugreiningu, farþegaskrár og vegabréfaskoðun, að FRONTEX<sup>31</sup> -samvinnunni meðtalinni. Þar sem hann er vegna ríkislögreglustjóra undirmaður bæði dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra sinnir lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli upplýsingum frá Nató sem utanríkisráðherra lætur í té, og sinnir þannig að hluta starfi landsbundinnar öryggisþjónustu.

Herstöð Bandaríkjanna á flugvallarsvæðinu, er innan stjórnarráðsins á verksviði utanríkisráðuneytis, og hvað daglegan rekstur snertir á hún stöðuga samvinnu við lögreglustjórann á velli. Bandarísk stjórnvöld hafa hins vegar þegar skýrt ríkisstjórn Íslands frá því að herstöðin verði lögð niður í náninni framtíð. Þannig verður skorið á mikilvægan þátt í tengslum lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli við umheiminn.

#### **Athugasemd**

Íslensk stjórnvöld eru hvött til að fylgja tillögum framkvæmdanefndar um framtíðarskipan löggæslu<sup>32</sup> hvað snertir sameiningu lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli og lögreglunnar í Keflavík undir eina umdæmisstjórn, sem

---

30 Meðalfjöldi farþega sem fara um flugvöllinn árlega er um ein og hálf milljón.

31 Stofnun um ytri landamæri Evrópusambandsins.

32 Sbr. skýrsla frá október 2005, liður 5.7, Reykjanesumdæmi.

mundi verulega bæta almannaoýggi, einkum með því að stuðla að gagnkvæmri aðstoð og skiptum á starfsfólki.

Til að skipulag og boðvaldsleiðir verði sem skýrastar er mælt til þess að íslensk stjórnvöld íhugi hvort rétt sé að taka lögreglustjórann á Keflavíkurlflugvelli undan yfirstjórn utanríkisráðherra og færa hann undir stjórn dómsmálaráðuneytis (sbr. tilmæli til utanríkisráðuneytis).

### 3.4 Lögregluskóli ríkisins

Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun er lýtur dómsmálaráðherra, og er staða hans gagnvart ríkislögreglustjóra hin sama og lögreglustjóra í einstökum umdæmum. Daglegur rekstur skólans er í höndum skólastjóra sem nýtur aðstoðar tveggja yfirlögregluþjóna.

Hlutverk skólans nær til athugunar á umsækjendum um lögreglustörf og alhliða frumstarfsmenntun þeirra, og einnig, í framhaldsdeild skólans, frekari menntun, framhaldsþjálfun, og þjálfun eða menntun á sérsviðum.

#### Athugasemd

*(Tilmæli nr. 8 í lokaskýrslu)*

#### Menntun lögreglumanna

Öll lögreglulið, þar á meðal í héraði, ber að nýta til fulls í baráttu gegn hryðjuverkum, og veita liðsmönnum viðeigandi þjálfun og kynna fyrir þeim þá hættu sem nú kann að vera á að hryðjuverk verði framin.

*(Tilmæli nr. 16 í lokaskýrslu)*

#### Samvinna við CEPOL

Til að stuðla að gagnkvæmu trausti milli löggæslustofnana ber að styðja samvinnu við CEPOL [samstarfsvettvang evrópskra lögregluskóla] til þjálfunar og viðbragða.

Unnið er að framkvæmd beggja tilmælanna.

### 3.5 Landhelgisgæsla

Forstjóri Landhelgisgæslunnar er settur undir dómsmálaráðherra og hefur meðal annars á verksviði sínu almannavarnir og löggæslumálefni, og hryðjuverkavarnir svo sem könnunarflug yfir sjó og landi, lögregluaðgerðir á sjó, stuðning við löggæslustörf á landi og sprengjueyðingu, og nýtur hann stuðnings með öflun og miðlun vitneskju og upplýsinga og samvinnu innanlands og erlendis frá.

Landhelgisgæslan á samvinnu við Nató á eigin vegum um NSA EOD<sup>33</sup> starfshópin, Committee of National Armament Directors Counter Terrorism Unit, NATO EOD Technical Information Centre, og UKIC Reciprocal IED information and intelligence exchange.

---

33 Explosives Ordnance Disposal (Aðgerðir til að gera sprengivopn óskaðleg).



#### **Athugasemd**

*(Tilmæli nr. 9 í lokaskýrslu)*

##### **Landamæraeftirlit**

Byggja ber upp þá þætti landamæravörslu sem varða varnir gegn hryðjuverkum, þar á meðal kerfisbundna upplýsingasöfnun og upplýsingaskipti milli viðeigandi öryggis- og löggæslustofnana.

Eins og landhelgisgæslan starfar eru tilmæli þessi í framkvæmd.

Mælst er þó til þess að íslensk stjórnvöld íhugi verkefni landhelgisgæslunnar með tilliti til samvinnu við Nató og hvort samræma beri þá samvinnu innan þeirrar þjóðaröryggisdeildar sem mælst er til að stofnuð verði.

## **4. Ríkissaksóknari**

Ríkissaksóknari fer sem æðsti handhafi ákærvalds með heildaryfirstjórn lögreglurannsókna og á að fylgjast með gangi þeirra. Hlutverk hans er að tryggja að lögmæltum viðurlögum sé beitt gagnvart fólki sem afbrot hefur framið, og hafa yfirumsjón með framkvæmd ákærvalds af hálfu lögreglustjóra í héraði og ríkislögreglustjóra.

Ríkissaksóknari annast saksókn í málum um alvarleg hegningarlögbrot, og þar á meðal mundu teljast hryðjuverk og tengd afbrot<sup>34</sup> og brot í opinberu starfi, og í öllum málum sem koma fyrir hæstarétt.

Sá lagarammi sem lög um meðferð opinberra mála kveða á um gildir í öllum dómsmálum um afbrot, og engin sérlög eru til um málsmeðferð í hryðjuverkamálum.

Dómsmálaráðuneyti hefur formlega vald til umsjónar með handhöfum ákærvalds og með ákvörðunum sem ríkissaksóknari tekur<sup>35</sup>. Í framkvæmd er hlutverk og valdsvið ríkissaksóknara afar sjálfstætt, og almennt eru engin mál þar sem umsjónarvaldi ráðuneytisins hefur verið beitt.

#### **Athugasemd**

*(Tilmæli nr. 3 í lokaskýrslu)*

##### **Samræming á sviði saksóknar**

Fela ber ákærvaldshafa með ákærvald um allt land einum að annast rannsókn hryðjuverkamála og samræma upplýsingagjöf og skiptast á upplýsingum meðal handhafa ákærvalds, dómstóla og öryggis- og löggæslustofnana.

Tilmæli þessi eru þegar í framkvæmd þar sem embætti ríkissaksóknara mundi í raun fást við hryðjuverkamál.

Mælst er þó til þess að íslensk stjórnvöld kalli embættið til samstarfs þegar undirbúin verður löggjöf um þá þjóðaröryggisdeild sem mæst er til að stofnuð verði.

---

34 Sjá almenn hegningarlög, 100. gr. a – c.

35 Sbr. lög nr. 19/1991, 26. gr.

## 5. Dómstólar

Almennir dómstólar starfa á tveimur stigum, annars vegar héraðsdómstólar og hins vegar hæstiréttur. Héraðsdómstólar eru sjálfstæðir og hver þeirra hefur dómsvald í einu af hinum átta umdæmum. Hæstiréttur, æðsti dómstóllinn, var stofnaður með lögum árið 1919. Hæstiréttur starfar sem áfrýjunardómstóll og er skipaður níu dómurum, en málum er úthlutað til þriggja til fimm dómara (sjö dómara í mjög alvarlegum eða mikilvægum málum).

Rannsóknar- eða ákærudómurum með sérstök valdsvið er ekki fyrir að fara.

### Athugasemd

*(Tilmæli nr. 10 í lokaskýrslu)*

#### Upplýsingar sem sönnunargögn í dómi

Notkun á upplýsingum sem sönnunargögnum í dómi mundi vafalaust styrkja möguleika ríkisins til saksóknar í hryðjuverkamálum.

Mælt er til þess að íslensk stjórnvöld íhugi stofnun sérstakrar dómsdeildar (er starfi fyrir luktum dyrum), sem með lögum yrði falið að hafa eftirlit með hinni nýju þjóðaröryggisdeild sem mælt er til að stofnuð verði, að því er varðar framkvæmd þeirra leynilegu rannsóknaraðferða á foraðgerðastigi sem gert er ráð fyrir.

Enn fremur er mælt til þess að stjórnvöld íhugi hvort laga beri svæðaskipulag héraðsdómstóla að svæðaskipulagi lögreglu og ákærvalds.

## 6. Sérstök lagaatriði

Samkvæmt fjarskiptalögum<sup>36</sup>, eru rekstraraðilar fjarskiptavirkja og netþjónar skyldir til að geyma skráningargögn í sex mánuði og veita lögreglu aðgang að þeim sé þess óskað.

## 7. Alþjóðleg samvinna

### 7.1 Alþjóðasamningar

Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 2002, og gert er ráð fyrir fullgildingu samnings SP um skipulagða og alþjóðlega glæpastarfsemi á vordögum 2006.

Ísland hefur fullgilt samning Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 1990 á árinu 1997, og gert er ráð fyrir að hinn nýi samningur ráðsins frá 2005

---

<sup>36</sup> Nr. 82/2003, 42. og 47. gr.

um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum og um fjármögnun hryðjuverkastarfsemi komist til framkvæmda. Enn fremur hefur Ísland fullgilt samninga Evrópuráðsins um framsal sakamanna ásamt hinum tveimur viðbótarsamningum, Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum með viðbótarsamningi, Evrópusamninga um alþjóðlegt gildi refsidóma og um flutning dæmdra manna ásamt viðbótarsamningi, og samning á sviði refsiréttar um spillingu.

Ísland á aðild að Schengen-samningnum ásamt ákvæðunum um SIS og Sirene, og tekur þátt í störfum Interpol, Europol, FRONTEX, og síðast einnig Eurojust-samvinnunni.

### **Athugasemd**

*(Tilmæli nr. 14 í lokaskýrslu)*

#### **Vinna með Europol og Eurojust**

Mælst er til þess að aðildarríki styðji og nýti sem best möguleika Europol og Eurojust í hryðjuverkamálum.

Þar sem hér er um að ræða samvinnu á sviði löggæslu starfa bæði embætti ríkislögreglustjóra og embætti ríkissaksóknara þegar með þessum Evrópusambandsstofnunum, og eru því tilmæli þessi í framkvæmd.

Gerðar hafa verið ráðstafanir til að styrkja samvinnu við bæði evrópskar og bandarískar öryggisstofnanir, til dæmis með því að senda starfsfólk á námskeið erlendis og með þátttöku í sameiginlegri þjálfun og raunhæfum æfingum bæði á Íslandi og í Evrópu.

## **7.2 Tengslafulltrúar**

Ísland hefur enga tengslasérfræðinga erlendis. Það tekur þátt í samvinnu Norðurlanda samkvæmt samningi um samvinnu lögreglu og tollgæslu um not af tengslafulltrúum erlendis.

## **8. Öryggisþjónusta á vegum einkaaðila**

Á Íslandi taka öryggisfyrirtæki einkaaðila ekki þátt í baráttu gegn hryðjuverkum.

## **9. Niðurstöður**

Þar sem skipan öryggismála á Íslandi hefur sætt talsverðum breytingum á síðari árum hvað snertir baráttu gegn hefðbundnum og venjulegum afbrotum eru öryggismál landsins í grundvallaratriðum afar vel skipulögð og jafnvel til fyrirmyndar í einstökum atriðum. Þetta almenna álit fær stoð af tölfræðilegum gögnum um löggæslu, sem staðfesta að glæpir eru tiltölulega fátíðir.

Til baráttu gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, og einnig til að njóta viðurkenningar sem jafngildur aðili að samfélagi öryggis- og löggæslustofnana innan Evrópusambandsins, er Ísland hvatt til að sjá fyrir fullnægjandi skipulagi, tilhögun og lagalegum grunni, eins og lögð er áhersla á í þeim tilmælum sem fram koma í skýrslu þessari.